

Hr. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2014

Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland

Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra, skipaði hinn 23. janúar 2012 nefnd tíu þingmanna til að vinna tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland á grundvelli þingsályktunar frá Alþingi (sbr. 723. mál 139. þings).

Ráðherra fól Valgerði Bjarnadóttur formennsku í nefndinni, en í henni tóku einnig sæti, samkvæmt tilnefningu frá þingflokki, Magnús Orri Schram og Mörður Árnason, fulltrúar þingflokks Samfylkingarinnar, Einar Kristinn Guðfinnsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir, fulltrúar þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Árni Þór Sigurðsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, fulltrúar þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Eygló Harðardóttir og Gunnar Bragi Sveinsson, fulltrúar þingflokks Framsóknarflokksins, og Birgitta Jónsdóttir, fulltrúi þingflokks Hreyfingarinnar. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir lét af þingmennsku í lok árs 2012 og var Katrín Jakobsdóttir skipuð í nefndina í hennar stað í janúar 2013. Nefndin naut í störfum sínum aðstoðar Jörundar Valtýssonar og Aðalheiðar Ingu Þorsteinsdóttur frá utanríkisráðuneytinu.

Hlutverk nefndarinnar var að fjalla um og gera tillögur að stefnu sem tryggði þjóðaröryggi Íslands á grundvelli her- og vopnleysis. Við mótun stefnunnar átti nefndin að taka mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. um bann við kjarnorkuvopnum, samþykktum Alþingis um stefnu Íslands í afvopnunarmálum og frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja (sbr. 18. mál 139. þings). Nefndinni var falið að skilgreina meginforsendur stefnunnar og setja fram tillögur um markmið og leiðir til að ná þeim. Þá fór þáverandi ríkisstjórn Íslands þess á leit við nefndina að hún tæki að sér að kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknasetur á Íslandi á sviði utanríkis- og öryggismála samkvæmt ályktun Alþingis frá 30. mars 2009.

Störf nefndarinnar

Í tillögu til þingsályktunar um skipun nefndarinnar, sem lögð var fram í apríl 2011, var gert ráð fyrir að hún skilaði tillögum sínum til utanríkisráðherra eigi síðar en í júní 2012. Sökum þess að þingsályktunin var samþykkt eftir þinghlé í september 2011 og tilnefningar í nefndina bárust síðar í framhaldinu gerði verkáætlun nefndarinnar ráð fyrir rýmri tíma, eða 1. nóvember 2012. Nefndin óskaði þá eftir auknum tíma sem utanríkisráðherra samþykkti. Nefndin lauk efnislegru umfjöllun sinni í mars 2013 en ekki reyndist unnt að ljúka nefndarstörfum með formlegum hætti fyrir kosningar í lok apríl. Nýr utanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, átti samtöl við formann nefndarinnar um lokafrágang og skil nefndarinnar. Hinn 24. janúar 2014 kom nefndin saman og sammæltist um skil á tillögum sínum ásamt einstökum bókunum.


Nefndin hélt 16 formlega fundi. Verklag nefndarinnar var í grófum dráttum þríþætt. Í fyrsta áfanga var áhersla lögð á efnistöð og upplýsingaöflun, í öðrum áfanga fór fram úrvinnsla og efnisflokkun, og í þriðja áfanga vann nefndin að mótun tillagna. Á fyrstu mánuðunum voru ýmis gögn lögð fram til grundvallar og leitað var til sérfræðinga, innlendra sem erlendra. Meðal annars voru þjóðaröryggisstefnur Eistlands, Austurríkis, Bretlands, Finnlands og Noregs skoðaðar sérstaklega, sem og fyrirkomulag öryggis- og varnarmála í smárikjum sem ekki hafa á her að skipa. Alls tók nefndin á móti um tuttugu sérfræðingum á ólíkum sviðum sem snerta flesta þætti öryggismála eins og þeir eru skilgreindir í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009. Ennfremur áttu formaður nefndarinnar og einstaka meðlimir hennar fleiri óformlega fundi með innlendum sem erlendum viðmælendum.

Þá heimsótti nefndin öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli í tengslum við loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins og kynnti sér varnartengdra starfsemi á Íslandi. Nefndin hélt í kynnisferð til Noregs í boði norskra stjórnvalda. Nefndarmenn áttu fundi í ráðuneytum utanríkis- og varnarmála og norska Stórþinginu, kynntu sér starfsemi norsku rannsóknastofnunarinnar á sviði utanríkis- og öryggismála (NUPI) í Osló og heimsóttu aðgerðastöðvar almannavarna og norska hersins í Bodø í Norður-Noregi. Þá skoðaði nefndin varðskipið Þór í Reykjavíkurhöfn í boði Landhelgisgæslu Íslands og heimsótti samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar í Skógarhlíð í Reykjavík.

Á sumarmánuðum 2012 hófst vinna við úrvinnslu gagna. Samantekt var lögð fram um norræn rannsóknasetur á sviði utanríkis- og öryggismála og umsagnir bárust frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Nexus, rannsóknaveitvangi fyrir öryggis- og varnarmál, vegna þingsályktunar um að kanna grundvöll þess að koma á fót slíku rannsóknasetri hér á landi. Í lok ágúst sama ár var lagt fram vinnuskjal um mögulegt form og efnisinntak tillagna nefndarinnar, sem byggði á framlögðum gögnum, viðtölum og umræðu í nefndinni. Frá haustmánuðum 2012 var unnið að hinum eiginlegu tillögum að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Fylgja tillögurnar hjálagt, ásamt einstaka bókunum stjórnmalaflokka. Í viðauka er að finna lista yfir viðmælendur nefndarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. nefndar um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland,


Valgerður Bjarnadóttir, formaður

